

# REGLUGERÐ

## um (1.) breytingu á reglugerð nr. 1065/2014, um velferð nautagripa.

1. gr.

Við 12. tl. 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar bætast við orðin „og nautgripir geta legið á.“

2. gr.

Við 3. ml 4. mgr. 7. gr. bætast við orðin „og 7. tl. viðauka I.“

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. reglugerðarinnar:

a. Í stað orðanna „handsama gripi“ í 5. mgr. kemur: festa gripi.

b. Í 6. mgr. fellur brott „og fjósum byggðum fyrir gildistöku reglugerðar þessarar.“

4. gr.

Við 16. gr. reglugerðarinnar bætist við ný málsgrein sem orðast svo:  
Eldvarnir skuli vera í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar nr. 112/2012.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. reglugerðarinnar:

a. 1. mgr. orðast svo: Allir nautgripir skulu komast á beit á grónu landi í átta vikur hið minnsta á tímabilinu frá 15. maí til 15. október ár hvert. Undanskildir eru kálfar fæddir á viðkomandi ári svo og graðnaut. Aðgangur að útigerði uppfyllir ekki kröfur um útivist á grónu landi.

b. Í stað orðanna „sem tekur mið af þörfum viðkomandi gripa“ í 2. mgr. 17. gr. kemur: með a.m.k. þremur veggjum og þaki.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á bráðabirgðaákvæði reglugerðarinnar:

a. 1. mgr. orðast svo:

Þrátt fyrir 5. mgr. 6. gr. og 2. mgr. 14. gr. er til 31. desember 2034, heimilt að binda með hálsbandi eða loka á básum kýr og kvígur sem eiga minna en þrjá mánuði í burð, í fjósum sem byggð eru fyrir gildistöku reglugerðar þessarar, sé þess gætt að rými sé nægilegt fyrir þær skv. 1. mgr. 6. gr.

b. 2. mgr. orðast svo:

Lausagöngufjós byggð fyrir gildistöku reglugerðar þessarar skulu uppfylla skilyrði fyrir legubása skv. 1. tl. viðauka I, fyrir 31. desember 2034.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 55/2013, um velferð dýra og lögum nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, xx.yy 2021.*

**Kristján Þór Júlíusson**  
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra

*Kolbeinn Árnason.*